

Nokkrar spurningar fyrir fund Skólaráðs Álfhólsskóla 25. nóvember 2010.

Fundur no 2. Nokkrar spurningar frá fulltrúum foreldra í Skólaráði.

1. Var búið að leggja fram skólanámsskrá fyrir skólaárið 2010-2011?
2. Stendur til að búa til árganganámsskrár?

Skólanámsskrá Álfhólsskóla er í tveimur hlutum. Almennur hluti hennar er í Skólahandbók og námsgreinahlutinn sem unninn er fyrir hvern árgang og uppfærður ár hvert af kennurum skólans. Á fyrsta vinnudegi starfsmanna í haust fengu þeir afhenta starfsmannahandbók og á fyrstu mánuðum skólastarfsins unnu kennarar námsskrár fyrir árgangana sem þessa dagana er verið að birta á heimasíðu skólans. Foreldrar fengu skólahandbók afhenta fyrsta skóladag.

3. Hver er hugmyndafræði skólans? Hvar er hægt að nálgast hana?

Hugmyndafræði og stefna skólans kemur fram í skólanámsskrá. Skólinn byggir á grunni Digranes- og Hjallaskóla og hefur sömu gildi og gömlu skólarnir þar til annað verður ákveðið. Stefnumótun fyrir nýjan skóla hófst í vor og verður haldið áfram í vetur og lýkur í raun aldrei í lifandi skólastarfi.

4. Hver eru markmið einhverfudeildarinnar og nýbúadeildar?

Einhverfudeildin starfar samkvæmt hugmyndafræði TEACH og samkvæmt henni er leitast við að efla sjálfstæði nemenda og gera þeim kleift að standa sem allra mest á eigin fótum í samfélagi með öðrum.

Nýbúadeild tekur við erlendum nemendum sem eru nýfluttir til landsins og tala ekki íslensku. Nemendur stunda nám í deildinni í tvö ár að jafnaði og fá kennslu í íslensku og aðstoð frá starfsmönnum sem tala þeirra tungumál ef því verður mögulega viðkomið. Markmið deildarinnar er að veita nemendum stuðning til þess að aðlagast íslensku þjóðfélagi félagslega og námslega, fljótt og vel.

Skóladagatal og stundaskrá

5. Er samræmt skóladagatal milli skóla í Kópavogi?

Skóladagatöl í Kópavogi eru ekki samræmd. Vetrarleyfis dagar hafa verið ákveðnir miðlægt og samþykktir af skólanefnd en þó hafa verið gerðar undantekningar þar á t.d. í Salaskóli í fyrra vetur og í Álfhólsskóla í vetur. Skólar hafa leyfi til að nýta 5 skipulagsdaga kennara á skólatíma og setur hver skóli þá niður fyrir sig. Sumir skólar kjósa að vinna þá utan vinnutíma á kvöldin eða um helgar og stytta þannig starfstíma skólans. Skólarnir ákveða sjálfir fyrir komulag foreldraviðtala og gildir það sama um þau og skipulagsdaga. Einnig hefur verið sameiginlegur starfsdagur allra skóla í Kópavogi.

6. Hver er tímamagn í stundaskrá sbr. Aðalnámsskrá sem og aðrar áætlanir skólans?

Tímamagn í kennslu er ákvarðað í Aðalnámsskrá grunnskóla. Þar er gefið ákveðið val sem hver skóli skipuleggur fyrir sig. Skipulag hvers skóla er birt í viðmiðunarstundaskrá sem er að finna í almennum hluta skólanámsskrár. Þar er einnig að finna aðrar áætlanir skólans.

Mötuneyti

7. Hve margir kaupa mat í mötuneytinu?
8. Hver er aldurssamsetningin hjá þeim sem nýta sér mötuneytið?

Í Digranesi eru 219 nemendur í mat. Í Hjöllum eru 330 nemendur í mat.

9. Hvað er reiknað með að máltíðin kosti á haus?

Hver máltíð má kosta 320 krónur.

10. Hve mikið að fæðunni er keyptur foreldaður?
11. Hefur verið kannað hversu mikið af matnum fer til spillis?

Í eldhúsunum fer fram innra eftirlit þar sem þetta er kannað.

12. Hefur verið kannað hversu mikið nemendur klára af disknum?

Nei, ekki sérstaklega.

13. Hefur gæslan minnkað í matsal?
14. Hvernig er gæslu háttáð í matsal?

Gæslu í matsal sinna skólaliðar og kennarar. Gæsla hefur ekki minnkað í matsal en hún dreifist nú á fleiri hópa og nýtist ekki á sama hátt og áður. Megináherslan er á gæslu kennara í matsal á yngsta stigi og gjalda eldri nemendur þess.

Námsgögn

15. Er rétt að það séu ekki til nægar námsbækur í skólanum?
16. Okkur var tjáð að krakkar í 6. bekk fengju ekki alltaf öll bækur.
17. Hve mörg valfög eru á Unglingastigi?

Við höfum aldrei heyrt um það.

Fjöldi valgreina á unglingsstigi er 22 greinar.

Íþróttir

18. Hvernig er gæslu í sturtum háttáð í leikfimi og sundi? Hver annast sturtugæslu?

Gæsla í íþróttahúsi er á vegum íþróttahússins og annast starfsmenn íþróttahússins hana. Íþróttakennarar hafa fylgst með hvernig gengur eftir því sem þeir hafa tök á.

19. Hversu oft er leikfimi í hverjum bekk?

Hver bekkur er tvær stundir í viku í leikfimi og eins stund í sundi.

20. Fara krakkarnir í sturtu eftir leikfimi?

Það er misjafnt hvort nemendur fari í sturtu eftir leikfimi.

21. Hvaða kröfur eru gerðar til starfsmanna er annast sturtugæslu í sundi og leikfimi?

Því getum við ekki svarað og bendum á forstöðumann íþróttahússins.

Starfsmannastefna

22. Hver er starfsmannastefna skólans?

23. Er hún aðgengileg fyrir almenning?

Starfsmannastefna hefur ekki verið unnin fyrir Álfhólsskóla

Starfsmannahald

24. Hversu margir kennarar starfa við skólann?

Kennarar skólans eru 92

25. Hve margir leiðbeinendur starfa við skólann?

Það eru engir leiðbeinendur við skólann

26. Hvernig er hlutfall kennara miðað við bekki skólans? Þ.e. er mikil uppstokkun á kennurum. Milli aldursstiga nemenda.

Að meðaltali eru 2,7 kennarar á bekk í skólanum en þess ber þó að gæta að ekki eru allir kennarar skólans í fullu starfi.

27. Hver er menntun skólaliða og annara starfsmanna skólans?

Menntun skólaliða og annarra starfsmanna er mjög mismunandi. Allt frá grunnskólaprófi til meistaraþrófs í iðngrein og háskólamenntun.

Endurmenntunaráætlun skólans

28. Hver er staðan á endurmenntunaráætlun skólans?

Endurmenntunaráætlun fyrir skólaárið 2010 – 2011 er birt í almennum hluta skólanámskrár og birt í starfsmannahandbók.

Eineltismál

29. Er gerð áætlun varðandi Einelti?
30. Er hún aðgengileg á heimasíðu skólans?

Aðgerðaáætlun Álfhólsskóla um forvarnir og viðbrögð við einelti heitir Saman í sátt. Saman í sátt er birt í starfsmannahandbók og gert er ráð fyrir henni á heimasíðu undir áætlanir en þar hefur hún ekki verið birt ennþá.

Áfallahjálp

31. Er gerð áætlun varðandi Áfallahjálp?
32. Er hún aðgengileg á heimasíðu skólans?

Áfallaáætlun er birt í starfsmannahandbók Álfhólsskóla. Gert er ráð fyrir henni á heimasíðu skólans undir áætlanir en hún hefur ekki verið birt þar ennþá.

Forvarnir

33. Hvernig er forvörnum háttað í skólanum?
34. Hvernig er sjálfsmatsáætlun skólans háttað?

Við skólann starfar nemendaverndarráð sem fundar reglulega um málefni einstakra nemenda og tekur ákvarðanir um hvert málum er vísað ef leita þarf aðstoðar út fyrir skólann. Saman í sátt er forvarna og eineltisáætlun skólann þar sem góður skólabragur er forsenda vellíðunar í skóla. Nemendur í 7. og 8. bekk hafa tekið þátt íverkefninu Reyklaus bekkur. Hjúkrunarfræðingur fer með kynfræðslu í 1., 6. og 9. bekk á hverjum vetri. Auk þess fylgjast umsjónarkennarar, námsráðgjafar og hjúkrunarfræðingar grannt með líðan nemenda.

Sjálfsmatsáætlun hefur ekki verið unnin ennþá. Til stendur að stofna þverfaglegan stýrihóp um sjálfsmat.

Nei takk klúbburinn fyrir unglunga sem eru vímuefnalausir.

35. Hafa verið gerðar kannanir í tengslum við sjálfsmat á þessu skólaári?

Álfhólsskóli er áskrifandi að Skólapúlsinum þar sem mánaðarlega eru gerðar kannanir um líðan nemenda í skólanum. Í hverri könnun er 40 barna úrtak úr 6. – 10. bekk.

Á foreldradegi svöruðu allir nemendur á yngsta stigi spurningablaði um líðan í skólanum.

Nú er verið að taka könnun vegna lestrarátaks.

Samskipti skóla, foreldra, forráðamanna

36. Hvernig er upplýsingagjöf skólans til foreldra?

Skólinn sendir mánaðarlega fréttabréf til forráðamanna nemenda skólans.

Eftir þörfum senda skólastjórnendur tilkynningar til foreldra með tölvupósti í gegnum Mentor.

Umsjónarkennarar eru í sambandi við foreldra í gegnum Mentor, með almennum tölvupósti og í síma eftir þörfum og aðstæðum. Margir umsjónarkennarar senda vikulega fréttapóst um bekkjarstarfið.

37. Er samræming á milli kennara hvernig þeir miðla upplýsingum til foreldra þegar póstur er sendur heim til foreldra í gegnum Mentor?

Nei þar getur verið nokkur munu á.

Frímínútur

38. Hvernig eru frímínútur skipulagðar í skólanum?

Frímínútur eru eftir hverja tvær kennslustundir í 20 mínútur eftir fyrstu tvær kennslustundirnar og 10 mínútur eftir 4. kennslustund. Eftir hádegi eru einu sinni frímínútur í 15 mínútur.

39. Hversu margir vinna við gæslu hverju sinni? Úti, inni?

Í Digranesi eru tveir kennarar úti í hverjum frímínútum og 4 skólaliðar og 2 stuðningsfulltrúar úti í fyrstu frímínútunum en 2 skólaliðar og 2 stuðningsfulltrúar í þeim síðari. Inni á göngum eru 3 á vakt í hvorum frímínútum.

Í Hjalla eru tveir kennarar í hádegis frímínútum og 9 skólaliðar inni. Skólaliðar og stuðningsfulltrúar eru 5 úti í morgun frímínútunum.

Niðurskurður

40. Hvernig er forfallakennsla háttað?

Forfallakennsla er sinnt fyrir yngsta stig að fullu.

Forfallakennsla er sinnt fyrir miðstig til hádegis og felld niður kennsla eftir hádegi.

Forfallakennsla er lítið sinnt á unglíngastigi.

Ef um lengri veikindi eða fjarveru kennara er að ræða er aukið við forfallakennsluna og henni sinnt að fullu á mið- og unglíngastigi.

41. Hvernig er stuðningskennsla háttað?

Stuðningskennsla er miðuð við þarfir hvers nemenda og ýmist kennd í litlum hópum eða einstaklingslega innan eða utan bekkjar.

42. Hefur dregið úr gæslu vegna niðurskurðar?

Það hefur ekki ennþá dregið úr gæslu vegna niðurskurðar.